

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	12.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26. júní sl. 2) Undirrituðu grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 6. maí sl. 3) Ekki var lekabytta undir olíutunnu sem var um borð í pramma í Patreksfirði.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:  
Töluvert af fugli var við eina kvína.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.200 tonn og nær það til tveggja sjókvíaeldissvæða. Patreksfirði sem samanstendur af eldissvæðunum Eyri, Sandodda og Vatneyri og Tálknafirði þar sem er eldissvæðið Laugardalur. Starfsleyfið gildir til 28. ágúst 2035.

Eftirlitið fór fram 12. júní sl. og var rafrænn fundur haldinn 23. ágúst sl. þar sem farið var yfir eftirlitið og tilheyrandi gögn

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Tvö frávík komu fram í eftirliti 2023 er varða skil á grænu bókhaldi og ársyfirliti. Tvær ábendingar voru gerðar er varða tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun og ábending er varðar tilkynningu um útsetningu seiða. Í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a. m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Heildarframleiðsla ársins 2023 var 3.310.580 kg, heilarlífmassi á hverjum tíma var innan leyfilegra marka starfsleyfi. Losun á fosfór var 7,1 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka starfsleyfis sem er 9,0 kg P/tonn á ári.

Skráningar skv. gr 4.1 í starfsleyfi voru í lagi. 117 tonn af Slice fóðri fyrir aflúsun var notað og 59,5 lítrar af lýsalyfinu Alphamax.

Undirrituðu grænu bókhaldi var skilað inn 6. maí sl. og ársyfirlitinu var skilað inn 26.júní sl. Minnt var á að skila þeim inn fyrir 1.maí ár hvert.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 7,1 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi. Engar sýnatökur voru teknar árið 2023.

5. Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

6. Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma í Tálknfirði og Patreksfirði, fiskur var í öllum kvíum. Ein athugasemd var gerð við að mikið af fugli sótti í eina kví í Patreksfirði.

7. Um borð í þrómmunum voru flest efni geymd á lekabyttum og öryggisblöð á áberandi stað. En um borð í einum pramma í Patreksfirði var olíutunna með engri lekabyttu. Meltugeymir var vel merktur.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
<b>Gr. 3.12 í starfsleyfi.</b>	Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Lekabyttu vantaði undir olíutunnu.
<b>Gr. 4.4 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrr en 26.júní sl. og telst frávikin því lokað.
<b>Gr. 4.5 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Undirrituðu grænu bókhaldi var skilað 6. maí sl. og telst frávikin því lokað.



## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:  
Töluvert af fugli var við eina kvína.

## ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2024

---

Auður Eyberg Helgadóttir

